

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 176/2017

2019/EES/52/27

frá 22. september 2017

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1307/2014 frá 8. desember 2014 um skilgreiningu á viðmiðunum og landfræðilegum mörkum graslendis þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil að því er varðar c-lið 3. mgr. 7 gr. b í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB að því er varðar gæði bensíns og díseleldsneytis og c-lið 3. mgr. 17. gr í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 6c (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/13/ESB) í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„6d. **32014 R 1307**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1307/2014 frá 8. desember 2014 um skilgreiningu á viðmiðunum og landfræðilegum mörkum graslendis þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil að því er varðar c-lið 3. mgr. 7 gr. b í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB að því er varðar gæði bensíns og díseleldsneytis og c-lið 3. mgr. 17. gr í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (Stjútð. ESB L 351, 9.12.2014, bls. 3).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Þrátt fyrir 8. mgr. bókunar 1 við EES-samninginn skal ákvæði 2. gr. ekki gilda um graslendi sem staðsett er innan yfirráðasvæðis EFTA-ríkjanna.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1307/2014, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram^(*).

⁽¹⁾ Stjútð. ESB L 351, 9.12.2014, bls. 3.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.